

Nd.

78. Nefndarálit

um frv. til l. um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Tveir nefndarmenn undirrita frv. með fyrirvara, vegna ákvæða þess í 4. gr. 1. málsg. gr., sem þeir eru mótfallnir, en að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir álitni nefndarinnar í framsögu, og er nefndin sammála um að mæla með frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum fært atvinnumálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

2. Við 3. gr. 4. tölulið. 3. málslíður orðist svo:

En hlutaðeigandi bæjarsjóður og sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakabyrgð fyrir þeim lánnum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu.

3. Við 4. gr. Aftan við 2. málsg. bætist:

Byggingarsjóði er þó heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti.

4. Við 6. gr. 5. töluliður orðist svo:

Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir

- eignarhlutföllum i byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
5. Við 7. gr. 1. málsg. Í stað orðanna „og fyrir matvöruverzlun“ komi: fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlunir.
 6. Við 8. gr. 1. málsg.
 - a. 1. málsliður orðist svo:

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, valdir til 4 ára í senn. Kýs Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sin.
 - b. 3. málsliður orðist svo:

Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annari nema til bráðabirgða, ef sérstaklega stendur á og gegn sérstakri tryggingu.
 7. Við 9. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til 4 ára í senn.
 8. Aftan við frumvarpið bætist:

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934.

Alþingi, 11. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.	Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors, með fyrirv.	Garðar Þorsteinsson, með fyrirv.	